

Myndakvöld

Fyrsta myndakvöld vetrarins verður haldið fimmtudagskvöldið 21. nóvember og hefst kl. 20:30. Þar mun Sigurður Gunnarsson á Hnappavöllum sýna myndir úr Skaftafellssýslum.

Aðgangur er ókeypis.

Veitingar seldar á staðnum.



Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellinga-félagið hafa ákveðið að halda áfram sameiginlegum spilakvöldum í vetur eins og sl. ár. Spiluð verður framsóknarvist í Skaftfellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:00.

Fyrir áramót:
30. október – 13. nóvember – 27. nóv.
Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.
Verð kr. 700.



Stjórn félagsins 2002 – 2003

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Erla Ásgeirsdóttir	554 1241	861 9941
Hákon J Kristmundsson	565 1454	821 2115
Magnhildur Ólafsdóttir	557 1337	691 3337
Sigrún Guðmundsdóttir	581 4653	695 1743
Sigurlaug J Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn

Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

**MUNID AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLADANNA**

Jólaball

Jólatrésskemmtunin verður haldin í Skaftfellingabúð, sunnudaginn 30. desember kl. 15. Auglýst síðar.



Skaftfellingabúð

Í vetur verður breytt tilhögun á útleigu Skaftfellingabúðar til veisluhalda. Steinar Davíðsson meistarakokkur, sem meðal annars rekur Salatbar Eika við Austurvöll og Viðeyjarstofu, hefur tekið að sér veisluþjónustu í salnum um helgar. Salurinn tekur 120 manns í sæti (með góðu móti).

Pantanir og nánari upplýsingar eru veittar í sínum: 562 1934, 562 7830, fax: 562 1994.

Netfang: videyjarstofa@videyjarstofa.is
Veffang: www.salatbar.is / www.videyjarstofa.is

Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur eins og undanfarin ár afnot af húsinu alla virka daga frá 8-19.

Nánari upplýsingar um húsnæðið veitir Skúli Oddsson í síma 864 3415.



Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins. Það er ódýrt og fljótlegt að koma fréttum til félagsmanna með tölvupósti. lauga.sig@isl.is tekur áfram við þeim upplýsingum.



Skaftfellingaafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

4. tbl. október 2002

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• Fylaveisla
26. október

• Spilakvöld
30. október
13. nóvember
27. nóvember

• Myndakvöld
21. nóvember

• Skálm
Miðvikudaga og
laugardaga

• Söngfélagið
Aðventustund 8. des.

• Jólaball
30. desember

• Sumarganga
Skálmur 2002
Gunnþóra
Gunnarsdóttir

• Útleiga
Skaftfellinga-
búðar

Fýlaveisla

Okkar árlega fylaveisla verður haldin í Skaftfellingabúð **laugardaginn 26. október 2002** og hefst með borðhaldi kl. 20:00. Húsið opið frá kl. 19:00.

Í síðustu fylaveislu var auk fýlsins boðið upp á herta hornfirsku lúru og verður svo einnig nú í ár.

Fýllinn kemur frá Einari og Hrefnu í Presthúsum, og lúran frá Gústa Þorbjörns útgerðarmanni á Höfn. Að auki verður boðið upp á hangikjöt og tilheyrandi meðlæti.

Um matseldina sér Steinar Davíðsson eins og svo oft áður.

Hljómsveitin Vírus leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu. Miðaverð kr. 3.500

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 24. október til:

Hákonar J. Kristmundssonar (821 2115)
Höllu Bjarnadóttur (862 0044)
Karls J. Gunnarssonar (554 3388)
eða Sigurlaugar J. Sigurðardóttur (891 7354)

Söngfélagið 30 ára

Söngfélagið hóf vetrarstarfið mánudaginn 30. september og verða sem fyrr vikulegar æfingar á mánudagskvöldum kl. 20:00 í Skaftfellingabúð. Þó nokkuð af nýju fólki hefur gengið til liðs við kórinn og eru fleiri velkomnir í hópinn. Metnaðarfull dagskrá er í uppsiglingu í vetur á 30. afmælisárinu.

Í tilefni afmælisins er fyrirhugað að gefa út geisladisk með gömlum og nýjum upptökum af tónleikum kórsins.

Stjórnandi er sem fyrr Violeta Smid.

Formaður Söngfélagsins er Kolbrún Einarsdóttir, s. 824 5521.

Aðventustund

Söngfélagið heldur aðventustund í Skaftfellingabúð sunnudaginn 8. desember kl. 16:00 þar sem sungin verða jólalög og boðið upp á kaffi og meðlæti.

Skálm

Skálmur hafa haldið áfram göngu síðsumars og nú í haust, aðallega í Elliðaárdal og Heiðmörk. Næstu mánuði verður gengið á laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.) á miðvikudögum kl. 19 (1 klst.). Fyrst um sinn eyðum við laugardagsmorgnum í Heiðmörk (beygt við Rauðhóla) og miðvikudagskvöldum á upplýstum stígum í þéttbýlinu. Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

- 12. okt. Heiðmörk (við Furulund)
- 16. okt. Laugardalur (við Skautahöll)
- 19. okt. Heiðmörk (við Furulund)
- 23. okt. Klambratún (við Kjarvalsstaði)
- 26. okt. Heiðmörk (við Furulund)
- 30. okt. Elliðaárdalur (við Árbæjarsafn)
- 2. nóv. Heiðmörk (við Furulund)
- 6. nóv. Nauthóll
- 9. nóv. Heiðmörk (við Furulund)
- 13. nóv. Garðabær (við Vídalinskirkju)
- 16. nóv. Heiðmörk (við Furulund)
- 20. nóv. Vesturbær (við Þjóðarbókhlióðu)
- 23. nóv. Ástjörn (við Haukahús)
- 27. nóv. Nauthóll
- 30. nóv. Heiðmörk (við Furulund)
- 4. des. Nauthóll
- 7. des. Mosfellsbær (við Reykjaland)
- 11. des. Þingholtin (frá Hallgrímskirkju)
- 14. des. Vífilsstaðavatn (bílastæði)
- 18. des. Hafnarfjörður (frá Frikirkju)
- 21. des. Hljómskálagarður (frá Norræna húsi)

HOTEL KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

I C E L A N D A I R H O T E L S

sími 487 4900

- **Villibráð 2. og 9. nóvember**
Hlaðborð sem svignar undan 25 girnilegum réttum úr náttúru Íslands og dansleikur fram eftir nóttu.
 - Hlaðborð kr. 4.590
 - Gisting kr. 6.600 (tveggja manna herbergi með morgunverði)
- **Jólahlaðborð 7. desember**
Hátíðirnar byrja við jólahlaðborðið. Gómsætir réttir fyrir alla matgæðinga.
 - Hlaðborð kr. 3.900
- **Gisting og kvöldverður (gildir til 15. nóvember 2002)**
Gisting í eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði og þriggja rétta kvöldverði.
 - Tilboðsverð kr. 11.900

Sumarskálm

Eftir linnulausar laugardagsgöngur, öndunaræfingar og teygjur í níu mánuði lögðu Skálmur upp í sumarferð þann 4. júlí sl. og skyldu nú öll helstu fjöll í fyrstum heimasveitum klifin. Hópurinn lagði undir sig hið snotra býli Heiðarsel á Síðu og þar var staflað í kofur en þeir sem afgangsráðu tjölduðu í hlaðvarpanum. Í Heiðarseli var látið illa í þrjú kvöld, fíflast, gert grín, hermt eftir og hlegið. Sagðar sögur og hlegið meira. Lítið tími gafst því til svefnis en samt var jafnan risið árla úr rekkju og gáð til veðurs. Fyrsta dag var loft þykkt og hreppstjórar riðu með hliðum. Þótt þetta væri gönguferð á pappírnum var að mestu haldið til í rennireið Svenna á Lyngum þann dag. Hann keyrði í Laka, Hrossatungur, Blágil og að Fagrafossi og komust þeir lötustu hjá því að labba nokkuð. Í hrauninu við Laka fann samt helmingur hópsins til áður óþekktis frelsis og þusti út í viðáttuna en kom fram áður en þyrta lagði upp til leitar.



Skálmur á brunni yfir Miðtungaá í Lambatungum. sjs

Næsta dag var mun bjartara. Kaldbakur varði sig þó með þoku svo ekki var ráðist í fyrirhugaða uppgöngu á hann.

Þess í stað var heimsótt Mörtunguheiði og Lambatungur. Þar var skálmur að um hliðar og skreiðst upp á brúnir, skoðuð hrikaleg gljúfur og fagrir fossar - allt undir öruggri leiðsögn Skúla Skaftfellings. Þetta var dýrðardagur og þótt notið væri gestrisni í Mörtungu í báðum leiðum gerðu menn gómsætri kjötsúpunni hennar Þórunnu góð skil um kvöldið.



Hagafoss í Geirlandsá.

Jösmynd GS

Þriðja og síðasta daginn fóldu fjöllin sig og flestir Skálmur héldu sig á láglandi, þræddu brúnir Fjaðrargljúfurs og skoðuðu forna rétt á bökkum Skaftár. Allir þáðu bílfar heim til bæjar nema Lauga sem er léttari á löpp en almennt gerist og sást litlu síðar bera við himin upp og austur af Heiðarseli. Heimkomin tók hún til þrifamíkil dansspor á hlaðinu við undirspil Kristins og voru það síðustu skemmtiatriði þessa frábæra ferðalags. Eftir var að "lauga" Heiðarsel hátt og lágt eins og það hét í prentaðri dagskrá -og fallast í faðma.

Gunnþóra Gunnarsdóttir

Myndir í bréfháus eru af Lómagnúpi og Öræfajökli sem kalla má sameiningartákn sýslanna. Myndina af Lómagnúpi tók Sigurður Gunnarsson á Hnappavöllum og af Öræfajökli, Rafn Hafnfjörð. Útlit og hönnun: Sigurlaug J. Sigurðardóttir. Fjölföldun: Samskipti ehf.